

Mál nr. 462/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Greiðslukortatrygging

Gildissvið váttryggingaskilmála. Forföll.

Gögn.

- Málskot móttakið 2. desember 2024, ásamt fylgiskjali.
- Bréf V dags. 20. desember 2024, ásamt fylgiskjölum.
- Viðbótarathugasemdir M, dags. 2. janúar 2025.

Málsatvik.

Í málskoti og gögnum málsins kemur fram að M hafi ásamt eiginkonu sinni pantað ferð til Möltu sem hefjast átti hinn 18. maí 2024. Var ferðin keypt í ágúst 2023 en þá glímdi eiginkona M við alvarleg veikindi. Gekkst eiginkona M undir tvær kviðarholsaðgerðir í maí 2023 og gengu þær báðar að óskum. Töldu þau að hún yrði orðin góð þegar ferðin ætti sér stað. Fékk hún hins vegar alvarleg legusár sem greru í upphafi ársins 2024. Það hafi verið óvænt að eiginkona M hafi þurft að fara í aðgerð vegna kviðslits þann 17. maí 2024, daginn fyrir ferðina til Möltu. Hefur M gert kröfu um bætur úr forfallatryggingu greiðslukortatryggingar sinnar hjá V þar sem þau komust ekki í ferðina til Möltu. Af hálfu V var bótaskylda hafnað þar sem núverandi veikindi voru talin tengjast fyrri veikindum og vísað var til fyrirliggjandi læknisvottorðs því til stuðnings. M telur að kviðslitið séu önnur veikindi en þau sem upphaflega áttu sér stað í maí 2023 enda voru þau yfirstaðin þegar ferðin átti að eiga sér stað.

V telur að bótaskylda sé ekki fyrir hendi úr forfallatryggingu greiðslukortatryggingar vegna ferðarinnar á grundvelli ákvæðis 7.2.1 í skilmálum váttryggingarinnar. Fram komi í ítarlegu læknisvottorði að veikindin séu í tengslum við fyrri veikindi og að viðkomandi hafi verið í meðferð í tengslum við veikindin, sem hófust árið 2023, sl. tólf mánuði.

Í viðbótarathugasemdum sínum ítrekar M að eiginkona hans hafi verið búin að jafna sig þokkalega eftir aðgerðirnar þegar ferðin var pöntuð í ágúst 2023. Á þessum tíma hafi þau engan veginn getað séð fyrir að hún fengi kviðslitið.

Álit.

Ágreiningur þessa máls lýtur að því hvort M eigi rétt á bótum úr forfallatryggingu kreditkortatryggingar hjá V vegna ferðar til Möltu hinn 18. maí 2024 sem M og eiginkona hans komust ekki í vegna kviðslits eiginkonu M.

Samkvæmt ákvæði 7.2.1 í váttryggingaskilmálum þeim sem hér um ræðir bætir V ekki kröfur vegna hvers kyns slysa, veikinda og sjúkdóma, sem hinn váttryggði hefur þjáðst af og hefur notið læknishjálpar eða meðferðar við, á síðustu sex mánuðum fyrir greiðslu staðfestingargjalds. Samkvæmt fyrirliggjandi læknisvottorði, dags. 28. júní 2024, tengist kviðslitið fyrri veikindum eiginkonu M sem upp komu í maí 2023. Staðfestingargjald vegna ferðarinnar var greitt í ágúst 2023, þremur mánuðum eftir að veikindin komu upp og hún naut læknishjálpar og meðferðar við. Hefur M ekki lagt fram nein ný gögn sem hnekkja fyrirliggjandi læknisvottorði. Af þessu leiðir að M á ekki rétt á bótum úr forfallatryggingu greiðslukortatryggingar hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr greiðslukortatryggingu sinni hjá V.

Reykjavík, 27. janúar 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir